



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2013

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um lánshæfismat og greiðslumat, sbr. lög nr. 33/2013 um neytendalán

Með tilkynningu á vef innanríkisráðuneytisins, dags. 7. júní s.l., óskaði ráðuneytið eftir umsögnum um drög að reglugerð um lánshæfis- og greiðslumat sem sendar skulu ráðuneytinu fyrir 9. júlí n.k. á netfangið postur@irr.is. Jafnframt kemur fram á vef ráðuneytisins að drögin hafi verið unnin á vegum nefndar um neytendalán sem í áttu sæti fulltrúar Samtaka fjármálafyrirtækja, Fjármálaeftirlitsins, Neytendasamtakanna og Neytendastofu.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) telja mikilvægt að fá tækifæri til að veita umsögn um reglugerð þessa, enda hafa lífeyrissjóðir innan vébanda þeirra veitt fasteignaveðlán til tugþúsunda sjóðfélaga sinna um áratuga skeið. LL vilja jafnframt lýsa yfir nokkrum vonbrigðum með að samtökin hafi ekki fengið tækifæri til að koma fyrir að þessu verkefni. Þá blasir við að allir tímafrestir eru hér mjög knappir, en nefnd reglugerð þar sem lagðar verða fram mikilvægar forsendur fyrir afgreiðslu neytendalána, hefur enn ekki komið út en lög nr. 33/2013 munu að óbreyttu taka gildi 1. september n.k. Því er ljóst að sá tími sem aðilum á þessum markaði er ætlaður til innleiðingar og aðlögunar vegna ákvæða hinna nýju laga og væntanlegrar reglugerðar er vart raunhæfur. Þá er vert að benda á að skv. 7. gr. laganna er gert ráð fyrir að ráðherra kynni með reglugerð ákveðið form til upplýsingagjafar áður en til lánveitingar kemur. Sú reglugerð liggur hins vegar ekki fyrir.

LL lýsa sig reiðubúin til samstarfs við ráðuneytið um þessi málefni og beina eindreginni ósk til ráðuneytisins að stjórnvöld bjóði samtökum lífeyrissjóða til virkara samráðs svo lífeyrissjóðirnir geti sem best veitt sjóðfélögum sínum og viðskiptavinum þjónustu á þessu sviði hér eftir sem hingað til.

Almennar ábendingar

LL vill vekja athygli á því að í reglugerðardrögunum er gengið út frá því að hver og einn lánveitandi framkvæmi sjálfstætt lánshæfismat og greiðslumat. Það hefur sína kosti varðandi áreiðanleika og tryggir þekkingu lánveitanda á aðstæðum lántaka. Hins vegar kann slíkt fyrirkomulag að draga úr skilvirkni og samkeppni á markaði fyrir neytendalán. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að við hvert greiðslumat þarf lántaki að afla tiltekinna gagna. Vinnsla þeirra og frágangur tekur tíma og kostar lántaka að öðru jöfnu bæði tíma og fjármuni. Því er æskilegt að skoðað verði hvort einhvers konar gagnkvæm viðurkenning á lánshæfis- og greiðslumötum geti komið til greina. Jafnframt hvort fýsilegt væri að heimila þriðja aðila, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að framkvæma slík mót.

Ábendingar varðandi einstakar greinar:

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um að lánveitandi skuli meta lánshæfi lántaka með þeim hætti sem kveðið er á um í 5. gr.

Viðkomandi lánveitandi hefur í mörgum tilvikum engar eða takmarkaðar upplýsingar byggðar á viðskiptum við lántaka til að byggja mat sitt á lánhæfi á. Kostur væri að hér væri mælt fyrir um það með skýrum hætti í nefndum greinum að heimilt væri að byggja að hluta til eða að öllu leyti á greiningu á grundvelli gagna frá þriðja aðila, enda hefði lánveitandi upplýsingar um þá aðferðafræði sem þar væri lögð til grundvallar.

Í 1. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um að með lánshæfismati sé leitast við að staðreyna getu lántaka til að efna lánsamning. LL benda á að hér sé nokkuð sterkt kveðið að orði þar sem það liggur í hlutarins eðli að mat á lánshæfi er fyrst og fremst spá um lánshæfi og líkur á því að viðkomandi lántaki geti staðið við skuldbindingar sínar. Mat sem eðli málsins samkvæmt verður ávallt háð ákveðinni óvissu. Því telur LL eðlilegra að byggja á orðalagi sem lýsir þeim aðstæðum með skýrari hætti. Til að mynda: „Með lánshæfismati er leitast við að leggja mat á getu lántaka til að efna lánsamning, eftir því sem unnt er með tilliti til fyrirliggjandi gagna.“

Í 2. mgr. 5. gr. er tekið fram að í þeim tilfellum þar sem engri viðskiptasögu sé til að dreifa á milli lánveitanda og lántaka sé lánveitanda heimilt að byggja mat sitt á upplýsingum úr gagnagrunni þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust. Af orðalagi ákvæðisins má draga þá ályktun að af því skuli gagnálykta með þeim hætti að slíkt sé ekki heimilt í þeim tilvikum þar sem viðskiptasögu sé til að dreifa. Það getur vart talist eðlilegt eða æskilegt. Því telur LL rétt að breyta orðalagi 2. mgr. með þeim hætti að ljóst sé að í þeim tilvikum sem viðskiptasaga liggur fyrir sé án vafa jafnframt heimilt að byggja á nefndri þjónustu þriðja aðila.


Um 6. gr.

Til að áréttu það að útreikningur á greiðslugetu byggi á tilteknum forsendum værir skýrara að orða það beint í 1. mgr. 6. gr. T.d með þeim hætti að segja: „Greiðslumat felur í sér útreikning á greiðslugetu lántaka, byggðan á fyrirliggjandi gögnum og þeim forsendum sem mælt er fyrir um í grein þessari, til þess að meta hvort hann geti staðið við greiðslur samkvæmt lánasamningi“.

Í 3. tl. 2. mgr. 6. gr. er vísað til skuldastöðuyfirlits úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust. Æskilegt er að nánar verði útlistað til hvers er verið að vísa í því sambandi. Í 3. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um að lánveitandi skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að sannreyna þær upplýsingar sem ekki stafa frá opinberum aðilum, fjármálafyrirtækjum og gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. LL telur mikilvægt að skyldur lánveitanda séu sem skýrastar þegar kemur að mati á þeim gögnum sem lántaki leggur fram. Eðlilegt er að ábyrgð á falsleysi þeirra hvíli fyrst og fremst á lántaka. Hins vegar er eðlilegt að lánveitandi bregðist við ef gögn eru með þeim hætti að sýnt megi vera að þau séu ekki áreiðanleg.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri